

AUGLÝSING

um breytingu á stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

Hinn 30. apríl 2004 var aðalframkvæmdastjóra Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar á stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu frá 29. maí 1990 sem samþykkt var 30. janúar 2004, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1991, þar sem samningurinn er birtur, og 4/1991. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BREYTING

á stofnsamningi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

1. gr. stofnsamnings Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu skal breytt þannig að eftirfarandi tveimur setningum er bætt við hana:

„Enn fremur má hrinda markmiðum bankans í framkvæmd í Mongólíu með sömu skilyrðum. Samkvæmt því skal sérhver tilvísun í samningi þessum og viðaukum við hann til „ríkja Mið- og Austur-Evrópu“, „ríkja frá Mið- og Austur-Evrópu“, „viðtökuríkis (eða viðtökuríkja)“ eða „eignaraðila sem er(u) viðtökuríki“ talin fela í sér tilvísun til Mongólíu.“

AMENDMENT

to the Agreement Establishing the European Bank for Reconstruction and Development

Article 1 of the Agreement Establishing the Bank for Reconstruction and Development shall be amended to include another two sentences which read as follows:

“The purpose of the Bank may also be carried out in Mongolia subject to the same conditions. Accordingly, any reference in this Agreement and its annexes to “Central and Eastern European countries”, “countries from Central and Eastern Europe”, “recipient country (or countries)” or “recipient member country (or countries)” shall refer to Mongolia as well.”